

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 474/2007 um vernd skipa og hafnaraðstöðu.

#### 1. gr.

4. gr. orðist svo:

##### *Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 32, 23. júní 2005, bls. 19.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2008 frá 7. nóvember 2008. Reglugerðin er jafnframt birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 9. júlí 2009, bls. 231.

#### 2. gr.

Samtímis gildistöku þessarar reglugerðar fellur reglugerð nr. 104/2008 um breytingu á reglugerð nr. 474/2007 um vernd skipa og hafnaraðstöðu úr gildi.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um siglingavernd, nr. 50/2004 með síðari breytingum og 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 30. október 2009.*

**Kristján L. Möller.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*